

Nd.

579. Breytingartillögur

við frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað jarðir, lóðir og lendar þær í Vestmannaeyjum, sem eru ríkiseign, og enn fremur að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri, hvort tveggja frá 1. jan. 1942 að telja.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um heimild til sölu Vestmannaeyjajarða í Vestmannaeyjum og kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.